

EFNISYFIRLIT

1. Almennt um þessar leiðbeiningar	2
2. Fyrirtæki áður búið að fá viðurkenningu sem farmverndaraðili	2
3. Hver pantar farmverndarinnsigli?	2
4. Hvernig eru farmverndarinnsigli pöntuð?	2
5. Hvernig eru farmverndarinnsigli afhent?.....	2
6. Notkun farmverndarinnsigla.....	3
7. Skemmd eða glötuð farmverndarinnsigli.....	3

Tölvukerfi Tollstjóra vegna farmverndar

Panta farmverndarinnsgli

Leiðbeiningar fyrir forráðamenn fyrirtækja

1. Almenn um þessar leiðbeiningar

Þessar leiðbeiningar eru ætlaðar forráðamanni farmverndar hjá fyrirtæki. Þá er átt við forráðamann fyrirtækisins eða fulltrúa hans sem undirritaði umsókn fyrirtækisins um að verða viðurkenndur farmverndaraðili og ber síðan ábyrgð á framkvæmd farmverndar hjá fyrirtækinu.

Í leiðbeiningunum er gerð grein fyrir meginatriðum vegna pöntunar og afhendingar á farmverndarinnsglum.

2. Fyrirtæki áður búið að fá viðurkenningu sem farmverndaraðili

Til að fyrirtæki geti pantað farmverndarinnsgli þarf það áður að vera búið að fá viðurkenningu frá Tollstjóra sem farmverndaraðili. Forráðamaður þarf jafnframt að vera kominn með notandanafn og notkunarlykilorð til að fá aðgang að heimasvæði fyrirtækisins á umsjónarvef farmverndar.

3. Hver pantar farmverndarinnsgli?

Forráðamaður fyrirtækis, sem undirritaði umsókn um viðurkenningu sem farmverndaraðili, má panta farmverndarinnsgli handa fyrirtæki sínu.

4. Hvernig eru farmverndarinnsgli pöntuð?

Forráðamaður tengist inn á heimasvæði fyrirtækis síns á umsjónarvef farmverndar. Slóðin er <https://vefagreisla.tollur.is/farmvernd/umsjon>. Í vallínu velur hann *Innsigli* og síðan *Panta*. Síðan þarf að tilgreina hvernig farmverndarinnsglin óskast afhent og fjölda farmverndarinnsgla, sem óskast keypt.

5. Hvernig eru farmverndarinnsgli afhent?

Þegar farmverndarinnsgli eru pöntuð er tilgreint hvernig þau óskast afhent.

Þegar pöntun er tilbúin til afgreiðslu er hún annað hvort send í póströfu eða sótt til Tollstjóra, á 5. hæð í Tollhúsinu, Tryggvagötu 19, Reykjavík. Sá sem sækir pöntun til Tollstjóra þarf að hafa umboð forráðamanns fyrirtækisins til að fá farmverndarinnsglin afhent. T.d. nægir að prenta út skjámynd af pöntuninni og skrifa þar umboðið. Þegar pöntun er sótt þarf jafnframt að framvísa gildum persónuskilríkjum. Ekki þarf að staðgreiða pöntun sem sótt er til Tollstjóra heldur er reikningur sendur til fyrirtækisins eftir að búið er að afhenda farmverndarinnsglin.

6. Notkun farmverndarinnsigla

Þegar farmverndarfulltrúi innsiglar gám tiltekins fyrirtækis notar hann eitt þeirra farmverndarinnsigla sem þetta tiltekna fyrirtæki á. Upplýsingar um númer farmverndarinnsiglisins verða jafnframt skráðar á farmverndaryfirlýsingu. Þessu verður lýst nánar í leiðbeiningum um farmverndaryfirlýsingar.

ATHUGA: Fyrirtæki verður sjálft að nota farmverndarinnsigli sem það kaupir. Fyrirtæki má ekki lána eða selja öðru fyrirtæki farmverndarinnsigli sín.

7. Skemmd eða glötuð farmverndarinnsigli

Ef innsigli skemmist eða glatast þarf að hafa samband við Tollstjóra.